

Ed.

140. Nefndarálit

[42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í fyrirbyggjandi stjórnarfrumvarpi og breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar við það felst ein bráðabirgðaaðgerðir enn af hálfu stjórnarsinna. Er henni ætlað að fleyta atvinnulífinu áfram í nokkrar vikur, en heimila ríkisstjórninni jafnframt að framvísa reikningum fyrir stjórnleysi sitt til skattborgaranna síðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir flutningi eigna frá einni verkunargrein í sjávarútvegi til annarrar með því að saltfisks- og skreiðarframleiðslan sé látin greiða með frystingunni. Saltfisksneytendur í Portúgal og skreiðarneytendur í Nígeríu standa þannig undir niðurgreiðslu á frystum fiski handa Bandaríkjamönnum. Með því að flytja fé milli verkunargreina, eins og gert er ráð fyrir, er skapað stórvarasamt fordæmi. Aldrei áður hefur fé verið flutt milli deilda Verðjöfnunarsjóðs með þessum hætti.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um heimild ríkissjóðs til þess að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Jafnframt er upplýst að skilmálar fyrir endurgreiðslu af hálfu sjóðsins séu slíkir, að útilokað megi teljast með öllu að til hennar komi og fellur þá greiðsla lánsins á ríkissjóð og þar með skattborgara þessa lands. Hér er því farið inn á sömu braut og í landbúnaðarmálum, að skattleggja landsmenn til að greiða niður verð á útflutningsafurðum.

Þær aðgerðir, sem hér er ætlunin að lögfesta, eru í algjörri andstöðu við eðli og tilgang Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og algjört fráhrarf frá þeim lögum, sem um hann hafa gilt.

Fyrirliggjandi frumvarp leysir engan vanda, en frestar því að leitað sé raunhæfra úrlausna. Undirritaður minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 1. des. 1981.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.